



Fundargerð stjórnar HSI

Miðvikudaginn 2. september 2020



Fjórði fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 2. september 2020 kl. 12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson og Páll Þórólfsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson og Reynir Stefánsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 7 mánaða uppgjör
AP kynnti 7 mánaða uppgjör. Fyrir næsta fund stjórnar mun AP og RG taka saman uppfærða áætlun fyrir árið.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Staða landsliða
RG renndi yfir stöðuna á verkefnum haustsins. Stefnt er að fara með kvennalandsliðið til Vestmannaeyja í lok september í æfingarbúðir. Nóvember verkefni karlaliðsins og kvennaliðsins eru enn á dagskrá og er undirbúningur hafinn fyrir þau þrátt fyrir óvissu.
 - b. Markaðsherferð haustsins
Átakið „breytum leiknum“ hefst á mánudaginn á kynningarfundi deildarinnar. Auglýsingatökur fóru fram fyrir 10 dögum og tókst vel til.
4. Mótamál næsta árs
 - a. Covid reglur
HSÍ hefur unnið í nánu sambandi við KKÍ um að gefa út reglur um mótahald sökum Covid 19. Sú samvinna hefur gengið mjög vel. Stjórn beinir því til mótanefndar að semja reglur varðandi frestanir á leikjum. Laganefnd HSÍ vinna að reglum hvað varðar niðurstöðu móts ef það kemur til þess að ekki sé hægt að ljúka því.
 - b. Beiðni frá Fjölni varðandi fjölgun umferða í Grill 66 deild kvenna
Beiðni barst frá Fjölni varðandi að fjölga umferðum í Grill 66 deild kvenna. Vegna Covid telur stjórn HSÍ að það sé ráðlagt að auka álag vegna þeirrar óvissu sem er uppi með veturinn og er beiðninni því hafnað.
 - c. Beiðni frá Fram um að spila ekki í desember í Olís deild kvenna
Beiðni barst frá Fram um að spila ekki umferðir í desember í Olís deild kvenna. Vegna Covid telur stjórn HSÍ að það sé ráðlagt að auka álag í haust vegna þeirrar óvissu sem er uppi með veturinn og er beiðninni því hafnað.
 - d. Beiðni frá Fram um undanþágu frá 4 uppöldum
Beiðni barst frá Fram um að fá undanþágu frá reglum um 4 uppalda leikmenn í U liði karla hjá sér fyrir 2 leikmenn. Beiðnin var samþykkt á þeirri forsendu að báðir leikmennirnir sem um ræðir eru fyrrum leikmenn Þróttar og hefur Þróttur lagt niður m.flokk sinn. Leikmennirnir eru því félagslausir og geta ekki iðkað íþróttina hjá sínu fyrra félagi.
5. Breytingar á reglugerðum
Laganefnd hefur unnið að breytingum á fjórum reglugerðum. DBG renndi yfir helstu breytingar. Reglugerðirnar voru samþykktar.



6. Vinnufundur stjórnar

Vinnufundur stjórnar verður 2. Október. Hefst á hádegi á föstudegi til laugardags.

7. Formannafundur

Formannafundur HSÍ verður á morgun, fimmtudag og formannafundur yngri flokka á föstudaginn. RG kynnti dagskrá fundanna.

8. Skipan nefnda

Vel gengur að skipa í nefndir og voru tillögur í aganefnd, mótanefnd, landsliðsnefnd karla og kvenna, fræðslunefnd og strandhandboltanefnd samþykktar.

9. Lógó HSÍ

RG kynnti þá vinnu sem hefur átt sér stað í lógó málum HSÍ. Málið verður unnið áfram á vinnufundi stjórnar 2. Október.

10. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 7. október kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari